



## Drög að stefnu og aðgerðaráætlun Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs gegn kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni og ofbeldi

### Stefna

Vinstrihreyfingin – grænt framboð einsetur sér að uppræta allar birtingarmyndir kynjamisréttis í samfélaginu og brjóta þannig upp kynjakerfi sem er skaðlegt fyrir stöðu, tækifæri og þátttöku allra. Hluti af þeirri vinnu felst í að líða aldrei kynferðislega eða kynbundna áreitni eða ofbeldi í starfi hreyfingarinnar.

Þessi stefna og áætlun er sett fram svo hægt sé að bregðast vskilvirkum hætti ef einstaklingur eða hópur einstaklinga telur sig verða fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni eða ofbeldi við störf á vettvangi hreyfingarinnar. Við gerð áætlunarinnar var m.a. stuðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þar að auki var leitað fanga í aðgerðaáætlunum stofnana og samtaka sem berjast gegn kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

### Skilgreiningar

**Kynferðisleg áreitni** er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, myndræn, táknræn og/eða líkamleg.

**Kynbundin áreitni** er hegðun sem tengist kyni, kynvitund, kyneinkenna eða kyntjáningu þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi.

**Kynbundið ofbeldi** er ofbeldi á grundvelli kyns, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjána þess sem fyrir því verður. Hótun um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi telst einnig til kynbundins ofbeldis.

Kynbundið ofbeldi og áreitni einkennist oft af misnotkun á valdi eða stöðu, andlegri kúgun og framkomu sem ætlað er að knýja þolendur til undirgefni og gera lítið úr þeim. Endurtekin áreitni og niðurlægging þolenda getur haft neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu og getur haft marga fylgikvilla.

**Stafrænt kynferðisofbeldi og -áreitni** er upptaka/ dreifing á mynd- eða hljóðefni sem sýnir nekt eða kynferðislega hegðun einstaklings, án samþykkis þess einstaklings sem efnið nær til. Einnig nær stafrænt kynferðisofbeldi og -áreitni yfir óumbeðnar sendingar af kynferðislegu efni, svo sem klámi eða myndum af kynfærum.



### Dæmi um kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi:

- Dónalegir brandarar og kynferðislegar athugasemdir í máli, myndum eða skriflegum athugasemdum.
- Óviðeigandi spurningar eða upplýsingar um kynferðisleg málefni.
- Óvelkomin snerting.
- Stafrænt kynferðislegt ofbeldi og áreitni
- Endurteknar beiðnir um kynferðislegt samband sem mæta áhugaleysi eða er hafnað.
- Hótun um nauðgun.
- Nauðgun.

Upplifun þess sem verður fyrir kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi getur verið mjög misjöfn og telst sem mælikvarði á alvarleika ofbeldisins.

## Forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir

Áreitni og ofbeldi sem á sér stað á vettvangi VG varðar hreyfinguna í heild sinni. Það er sameiginlegt hlutverk allra félagsmanna í Vinstri grænna að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, kynbundið ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi í starfi hreyfingarinnar. Félagar skulu vera vakandi fyrir allri slíkri háttsemi, reyna að fyrirbyggja hana og bregðast við ef þeir verða vitni af áreitni eða ofbeldi. Það er eðli stjórnmalastarfs að einstaklingar takist á um stefnur og strauma og oft komast færri að en vilja í framboðssæti eða trúnaðarstörf. Félagar þurfa að vera sérstaklega meðvitaðir um að slík átök geta skapað farveg fyrir áreitni og ofbeldi. Fólk sem gegnir trúnaðarstörfum er sérstaklega hvatt til að sýna gott fordæmi og stuðla góðum vinnubrögðum í anda tillitsemi, virðingar og umburðarlyndis.

Stjórn Vinstri grænna og formenn svæðisfélaga þurfa að tryggja að almennir félagsmenn séu reglulega upplýstir um stefnu og aðgerðaráætlun gegn kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Einstaklingar sem sinna trúnaðarstörfum á vegum hreyfingarinnar verða að tryggja að tekið sé á einstaka málum komi þau upp. Þá skal hreyfingin beita sér fyrir öflugum forvarnarstarfi, þar á meðal með því að taka áreitni og ofbeldi til umræðu á fundum, skipuleggja reglulega fræðsluviðburði og setja viðbragðsáætlanir fyrir skemmtanir á vegum hreyfingarinnar.

## Viðbrögð

### Ef þú verður fyrir áreitni eða ofbeldi í starfi VG:

- Mótmæltu og gefðu skýr skilaboð um að hegðunin sé óæskileg, ef þú treystir þér til.
- Skráðu niður atburðarrásina, tímasetningar, hugsanleg vitni, hvað var sagt og gert, hvernig þú brást við og hver upplifun þín var.
- Ræddu málið við fólk sem þú treystir, mögulega hafa fleiri sömu reynslu eða hafa lent í svipuðum aðstæðum.
- Leitaðu til framkvæmdastjóra eða trúnaðarráðs. Þú getur einnig leitað til formanns svæðisfélags eða annarra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna.



- Mundu að þú þarft ekki að burðast ein/einn með afleiðingar af áreitni eða ofbeldi.

#### **Ef þú verður vitni að áreitni eða ofbeldi í starfi VG:**

- Reyndu að skerast í leikinn og gera geranda ljóst að hegðun hans sé ekki ásættanleg.
- Þjóddu þolanda stuðning þinn.
- Gerðu framkvæmdastjóra eða trúnaðarráði viðvart.

#### **Ef þú ert gerandi (eða meintur gerandi) í áreitnis- eða ofbeldis máli:**

- Hlustaðu á málavexti og reyndu að gangast við hegðun þinni eða skilja hvað í hegðun þinni leiddi til þess að upplifun þolanda var með þessum hætti.
- Reyndu að forðast að fara í vörn en leitastu við að koma þinni hlið á málinu á framfæri til trúnaðarráðs á yfirvegaðan hátt.
- Ekki reyna að þvinga þolandann til sátta.
- Hlustaðu eftir óskum þolanda um hvernig samskiptum ykkar skuli háttað í framtíðinni og reyndu að verða við því eftir því sem þér frekast er kostur.
- Leitaðu þér utanaðkomandi ráðgjafar og ræddu málið við einhvern sem þú treystir.
- Ef um er að ræða mögulega refsiverða háttsemi getur verið ráðlagt að leita til lögfræðings.

#### **Ef þolandi áreitni eða ofbeldi í starfi VG leitar til þín:**

- Hlustaðu á frásögnina og gættu að því að viðkomandi hafi fulla stjórn á því hvert framhaldið verður.
- Þjóddu fram aðstoð þína við að koma málinu í formlegan farveg innan hreyfingarinnar.
- Ef þú gegnir trúnaðarstörfum og færð vitneskju um áreitni eða ofbeldi innan hreyfingarinnar ber þér að bregðast við með formlegum hætti, þó í fullu samráði við þolanda.
- Ef þolandi er undir lögaldri skaltu kynna þér tilkynningarskyldu barnaverndarlaga.
- Ef um refsiverða háttsemi er að ræða skaltu benda þolanda á möguleikann á að leggja fram kæru.

#### **Ef þú gegnir trúnaðarstörfum fyrir VG ber þér:**

- Að útskýra fyrir þolanda að viðkomandi stjórn ferðinni en jafnframt áréttu að það sé hlutverk þeirra sem gegna trúnaðarstörfum að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni og ofbeldi sé ekki liðið á vettvangi hreyfingarinnar. Í því skyni geturðu óskað eftir því við þolanda að fá að leita ráða hjá framkvæmdastjóra VG eða trúnaðarráðs. Þetta má gera án þess að nafngreina þolanda sé þess óskað.

## Ferli mála

- Enginn einstaklingur skal reyna að leysa einn úr málum sem varða kynbundna eða kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Vísa skal málum beint til trúnaðarráðs nema þolandi sé því móttfallinn. Í slíkum tilfellum skal framkvæmdastjóri leita beint til utanaðkomandi aðila um aðstoð við úrlausn málsins. Ef þolandi vill ekki leggja fram formlega kvörtun má, þó aðeins með samþykki þolanda, taka málið upp við geranda með óformlegum hætti og hvetja viðkomandi til að láta af hegðun sinni.



Kvörtun þarf ekki að vera skrifleg til að tekið sá á málinu með formlegum hætti en þolandi skal hvattur til þess að leggja fram skriflega kvörtun ásamt gögnum sem styðja málið.

- Óski þolandi nafnleyndar skal virða þá ósk en vinna með þolanda að því að leita leiða til að taka á málinu eigi að síður.
- Ef um refsiverða háttsemi er að ræða skal upplýsa bæði geranda og þolanda um að málið geti varðað lög og styðja við þolanda í að leggja fram kæru. Sé lögð fram kæra skal víkja geranda úr trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna á meðan lögreglurannsókn stendur yfir.
- Trúnaðarráð safnar gögnum um málsatvik. Þar á meðal skal trúnaðarráð ræða við þolanda, geranda og möguleg vitni, auk þess að taka saman gögn sem kunna að varpa frekara ljósi á málið.
- Ef niðurstaða athugunar leiðir í ljós að um kynferðislega eða kynbundna áreitni eða ofbeldi hafi verið að ræða skal bjóða þolanda að leggja fram tillögu um hvernig samskiptum verði háttað í framhaldinu og hvetja geranda til að fallast á það. Þetta getur til dæmis falið í sér að gerandi taki ekki þátt í tilteknu starfi hreyfingarinnar eða sæki ekki skipulagðar skemmtanir. Skrifstofa VG, stjórn VG og stjórn svæðisfélaga skulu beita sínu áhrifavaldi til að óskir þolanda séu virtar að fullu.
- Ef gerandi gengst ekki við ásökunum og/eða ekki er hægt að styðja þær með gögnum eða vitnisburði skal engu að síður bjóða þolanda að leggja fram tillögur um hvernig samskiptum getur verið háttað og hvetja geranda til að fallast á það.
- Ef ekki finnst viðunandi lausn, eða ef það lítur út fyrir að erfitt geti verið að finna viðeigandi lausn, skal trúnaðarráð leita utanaðkomandi ráðgjafar. Betra er að leita utanaðkomandi ráðgjafar fyrr en seinna.

## Eftirfylgni

Trúnaðarráð, framkvæmdastjóri VG, formaður svæðisfélags eða aðrir sem komið hafa að málinu, skulu fylgja því eftir með því að:

- Fylgjast með líðan og félagslegri stöðu þolanda og geranda
- Veita þolanda og/eða geranda viðeigandi stuðning og hjálp.
- Meta og endurskoða árangur inngrips.